

## Hornafjarðarmanni

Efnt verður til spilakvölds í Hornafjarðarmanna fimmtudaginn 28. október 2010 kl. 20:00 í Skaftfellingabúð.  
Boðið verður upp á léttar veitingar í hléi. Aðgangseyrir kr. 1.000.



Láttu dekra við þig í mat og drykk  
Nú á haustmánuðum eru fram undan heljarins matarveislur af ýmsum toga á Icelandairhotel Klaustri þar sem matreiðslumaður hótelsins tófrar fram hvern réttinn á fætur öðrum.

**Villibráðarhlaðborð**  
Laugardagskvöldin 6. nóvember, 13. nóvember og 20. nóvember verðum við með okkar margrómuðu villibráðarveislur.  
Verð pr. mann er kr. 7.150,-

Gisting í tveggja manna herbergi, morgunverður af hlaðborði og villibráðarveisla kr. 14.550 pr mann.

**Jólamatseðill**  
Laugardagskvöldin 27. nóvember og 4. desember verðum við síðan á rólegum og rómantískum nótum og bjóðum upp á fjölbreyttan jólamatseðil

Á Hótel Klaustri tókum við vel á móti þér hvort sem þú ert að koma með hóp á árhátíð, gleðjast með starfifelögum, saumaklúbnum eða vinahópnum, halda upp á afmælið þitt eða láta dekra við þig og þína í mat og drukk.

Gerum tilboð í hópa – og svo verða sérkjör á gistingu ofangreindar helgar í tengslum við þessar veislur.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.  
ICELANDAIR HOTEL KLAUSTUR  
sími 487 – 4900.

## Aðventustund

Skaftfellingafélagið og Söngfélagið standa fyrir aðventustund  
sunnudaginn 12. desember 2010

kl. 15:00 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

Söngfélagið syngur nokkur jólalög, bornar verða fram  
kaffiveitingar og gengið í kringum jólatré.

Aðgangseyrir kr. 1000

## Myndakvöld

Fimmtudagskvöldið 25. nóvember kl. 20 í Skaftfellingabúð.  
Fyrst verða sýndar myndir frá Kjartani Guðmundssyni (1885-1950) ljósmyndara frá Hörgsholti Hrunamannahreppi sem bjó í Vík frá 1915-1920 og tók mikið af myndum af fólki þar og í nágrenninu auk þess sem hann ferðast um sýsluna og kom einu sinni í Örfæfin haustið 1917.

Þá verða sýndar myndir úr Vík m.a. frá því þegar braggahverfi voru þar. Að lokum verða sýndir myndir frá Vilhjálmi Eyjólfssyni á Hnausum í Meðallandi. Myndir hans eru frá ýmsum tímum, en hann var og er fréttaritari Morgunblaðsins. Aðgangur ókeypis. Seldar verða léttar veitingar.



## Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

3. tbl. október 2010

Endursendist með upplýsingum um  
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

## Fýlaveisla

Hin feikivinsæla fýlaveisla verður í Skaftfellingabúð  
fyrsta vetrardag,

**laugardaginn 23. október 2010**

og hefst með borðhaldi kl. 20.

Húsið verður opnað upp úr kl. 19.

Að venju verður borinn fram saltaður fýll úr Mýrdalnum,  
veiddur og verkaður af Sigurjóni Rútssyni, með soðnum  
þórisholtsrófum, kartöflum og öðru hefðbundnu  
meðlæti. Þá verður einnig boðið upp á hangikjöt.

Hljómsveitin Tónabræður frá Vík hleypir upp stuðinu að  
loknu borðhaldi og skipta með sér verkum við  
Víkarahljómsveitina Granít.



Miðpantanir fyrir 21. október hjá  
Hákoni (821 2115) og Helga (899 4818)

**Aðgangur kr. 4.500**

Athugið að síðast varð uppselt

### Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á  
[skaft@skaft.is](mailto:skaft@skaft.is)

### Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón  
Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087.

## Öræfaball

Öræfaball verður í Skaftfellingsbúð laugardaginn 6. nóvember undir yfirskriftinni: **Ball í fundarhúsinu.** Það er ætlað sumar-dvalarbörnum sem voru í Öræfum og Öræf-ingum, bæði heimafólki og brottfluttu. Makar eru einnig velkomnir.

Dagskráin verður í anda liðinnar tíðar og sem mest í höndum gesta. Sýndar verða myndir úr sveitinni, sagðar stuttar sögur, spjallað saman og sungið. Hljómsveitin Eygló úr Öræfum leikur fyrir dansi eða harmonikkuspilarar úr sömu sveit. Þegar hafa allmargir bókað sig en enn er þó pláss fyrir fleiri. Gott væri að fá uppgefið ef einhver býðst til að segja stuttar reynslusögur í bundnu eða óbundnu máli, spila eða syngja (til taks verður flygill, harmonikkur og gítar).

Húsið opnað klukkan 20. Boðið verður upp á kaffi, kleinur og flatkökur. Öl og vín verður selt á hóflegu verði. Miðaverð kr. 1.500.

Eftirtaldir taka við pöntunum:

Gunnþóra Gunnarsdóttir [gunnthorag@internet.is](mailto:gunnthorag@internet.is) s. 892 541

Ingibjörg Ingimundardóttir [ingaingi@mi.is](mailto:ingaingi@mi.is) s. 862 3433

Jónína Sigurgeirsdóttir [jonina@reykjalandur.is](mailto:jonina@reykjalandur.is) 896 7740

Pétur W. Karlsson [fis@hive.is](mailto:fis@hive.is) 891 9083

Sólveig Guðlaugsdóttir [solveiggudl@gmail.com](mailto:solveiggudl@gmail.com) 897 1013

## Hagyrðingamót

Í tilefni sjötíu ára afmælisins verður haldið hagyrðingakvöld í Skaftfellingsbúð föstudaginn, 19. nóvember 2010, kl. 20:00, undir stjórn Ómars Ragnarssonar. Þar leiða saman hesta sína Austur-Skaftfellingarnir Torfhildur Hólm Torfadóttir á Gerði, Halldór Þorsteinsson í Svínafelli og Vestur-Skaftfellingarnir Heiða Guðný Ásgeirsdóttir á Ljótastöðum og Reynir Ragnarsson í Vík. Að kveðskap loknum verður stiginn dans undir harmonikkuleik valinkunnra snillinga. Aðgangur ókeypis, en léttar veitingar seldar.

## Stjórn Skaftfellingafélagsins 2010-2011

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Edda Sigurdís Oddsdóttir	588 0113	892 4503	edda@skogur.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@teknik.is

**Varamenn** Hákon Jón Kristmundsson, Jón Geir Birgisson og Rúnar Þór Guðbrandsson.

## Í safni með Síðumönnum


Heimildarmyndin „Í safni með Síðumönnum“ fjallar um smölun á Síðumannafrétti í V-Skaftfellssýslu. Myndin kynnir íslenska arfleifð, hefðir, örnefni og tengsl mannsins við náttúru og dýr. Jafnframt veitir hún tengingu við þjóðarandann og uppruna okkar Íslendinga.

Diskurinn fæst hjá Sólrúnu Ólafsdóttur á Kirkjubæjarklaustri og kostar kr. 3.400 með heimsendingargjaldi. Símar: 487 4608/ 895 8018  
**Netfang:** [solruno@simnet.is](mailto:solruno@simnet.is)



## Undir breðans fjöllum

Fjölskylda Þorsteins Jóhannssonar í Svínafelli hefur staðið að útgáfu á völdu efni úr kveðskap hans og nú hefur bókin Undir breðans fjöllum litið dagsins ljós. Bókin er um 300 bls. og inniheldur ljóð og lausavísur, æviágrip, myndir og skýringartexta. Efnið varpar ljósi á lífshlaup höfundar allt frá því að hann var barn og vitnar á margan hátt um aðstæður í byggðarlaginu á 20. öldinni. Þorsteinn var fæddur 1918 og hann lést 1998. Yrkisefnin eru ýmist vegna hátíðlegra tilefna, sögulegra atburða eða um líðandi stund. Auk hinna stærri ljóða er víða slegið á léttu strengi bæði í dagsins önn og við skemmtanahald. Einnig er skólastarfi Þorsteins gerð nokkur skil þar sem vísna-gerð kemur mikið við sögu, bæði til að léttu lund í skólastofunni og til að festa náms-efnið í minni. Bókaútgáfan Hólar gefur bókina út og annast dreifingu hennar.



## Sumarskálum um Út-Síðu 18. - 20. júní 2010

Síðastliðið sumar var skálmað í tvo daga um Út-Síðu og Skálarheiði. Rúmlega 20 manna hópur tók þátt í sumargöngunni að þessu sinni.

Göngufólk tók að tínað að bænum Skál að kvöldi 17. júní en þar er góð aðstaða og rúmgott íbúðarhús með mörgum herbergjum. Sumir settu upp tjöld rétt fyrir neðan bæinn og fellihýsi, nokkrir höfðu ákveðið að vera í sumarbústöðum sínum ekki langt undan, aðrir röðuðu sér innandyra. Veðrið skartaði sínu fegursta, Skaftáin rann rétt hjá bænum og meðfram Eldhrauninu í mestu makindum. Veðurspá næstu tveggja daga hljómaði vel og allir voru í glimrandi stuði.

Að morgni 18. júní þegar fólk var búíð að fá sér morgunmat og útbúa nesti til dagsins, bættust í hópin nokkrir sem ætluðu einungis að ganga með fyrri göngudaginn frá Skaftárdal að Skál. Göngufólk-ið var trússað að Skaftárdal þar sem Eiríkur Jónsson göngustjóri tók á móti hópnum.



Eftir hópmyndatöku og tilþrifamikinn ljóðaupplestur var haldið af stað niður með Skaftáinu að eyðibýlinu Á sem er næsti bær við Skaftárdal og hefur verið í eyði frá 1935. Katla gamla sem gnæfði yfir í vestri var frekar óhrein eftir öskufall Eyjafjallajökuls, lét sem betur fer ekki á sér kræla en fékk samt af og til augnotur frá göngufólki.

Á leiðinni er víða þéttur birkiskógur sem þurfti að fara í gegnum en Eiríkur hafði meðferðis trjátangir og sög sem hann notaði til að grisja/klippa birkið sem var orðið ansi þétt og hávaxið, en birkiskógur getur oft orðið nánast ófær þegar sauðfé hefur verið haldið frá.

Fjallshamranir fyrir ofan okkur breyttu um svip við hvert fótmál og stuðlabergsmynstrin ótrúlega falleg. Lokinhamar heitir nyrsti gígurinn í Hálsagígum og er gígaröð sem talið er að hafi runnið fyrir um 2000 árum. Síðasti spölurinn að bænum Skál var auðveldur og gott var að komast í sturtu og afslöppun að afloknum fyrri degi.

Seinni göngudagurinn rann upp og fór göngufólk rólega af stað og gaf sér góðan tíma í morgunverkin. Áætlað var að ganga upp á Skálarheiðina og líta meðal annars yfir Eldhraunið og Holtsdalinn. Frábært veður þennan dag bauð heldur betur upp á útsýni, sól og bjart yfir en þó mátti sjá öskumistur í fjarska.



Lagt var af stað upp gamlan vegarslóða sem lá upp á heiðina fyrir ofan Skálarbæinn. Þegar upp var komið sá yfir Eldhraunið sem talið er mesta hraunflóð sem runnið hefur á jörðinni á sögulegum tíma í einu gosi, tók af fjölda bæja og eyddi stórum landsvæðum í byggð.

Þegar komið var upp á heiðina kom svæðið okkur á óvart þegar við gengum í löngum dal. Á góðum útsýnisstað sást yfir Holtsdalinn, Helgadalinn og Hlíðskjálff sem er klettahnjúkur með hvössum brúnum líka Rauðhólinn píramídalaga sem er um 4000 ára gamall gígur og talinn til Bunuhólagígaradaðar. Við sáum því eldgamlar eldstöðvar þar sem við stóðum og horfðum yfir. Svæði þetta væri áhugavert að skoða betur. Þá mátti sjá yfir á Kanafjöll, Leiðólfsvell, Geirlandshraun, Holtsborg svo eitthvað sé nefnt af örnefnum sem fyrir augu bar.

Þegar snúið var til baka var gengið í gömlum kindagötum þar sem þær saúst ennþá til að sparka ekki um mosanum ef hægt var að komast hjá því. Frábær göngudagur á enda runninn og ekki að sjá annað en allir væru sáttrir. Sameiginlegur kvöldverður var um kvöldið þar sem boðið var upp á ekta kjötsúpu fyrir göngugarpana. Harmonikkann var þanin um kvöldið og sumir þöndu raddböndin í takt við nikkuna. Einhverjir tóku að sér að spá í bolla, sagðar voru kjaftasögur. Nóg var sem sagt af hlátri og gríni frameftir kvöldi.

Daginn eftir tóku allir þátt í að ganga frá og þrifa í frábæru veðri áður en göngufólk fór að tínað heim á leið sát með frábæra göngudaga. Skálarhópurinn er hæstánægður með sumargöngu 2010 og hlakkar til næstu göngu að ári, en þá er stefnt að nokkurra daga göngu um Hornstrandir.

Brot úr ferðasögu Guðrúnar Arnarsdóttur sem lesa má í heild á [heimasíðu Skaftfellingafélagsins; skaft.is](http://heimasíðu Skaftfellingafélagsins; skaft.is)